Þróunarsjóður innflytjendamála 2011

Development Fund for Immigration Issues 2011

**Heiti verkefnis**: Viðhorf og málumhverfi framhaldsskólanema af erlendra uppruna á Íslandi

**Nafn styrkþega**: Samúel Lefever, Háskóli Íslands

**Útdráttur**:

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að rannsaka tungumálaumhverfi og viðhorf nemenda frá ólíkum menningar- og tungumálasvæðum og aðlögun þeirra að íslensku samfélagi. Viðtöl voru notuð til að safna upplýsingum um málumhverfi nemenda, viðhorf gagnvart tungumálum og tungumálanámi, þátttöku í skóla og tómstundastarfi, og félagsleg tengsl við íslenska jafnaldra. Sautján pólskir og filippískir nemendur sem stunda nám í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni tóku þátt í rannsókninni.

Í ljós kom að nemendur vildu læra íslensku og samlagast íslensku samfélagi, en skortur á íslenskufærni hamlaði samskiptum og þátttöku þeirra í náminu. Stuðningur við pólskt móðurmál er töluverður og höfðu flestir pólsku nemendurnir sem tóku þátt í rannsókninni fengið pólskunám í grunnskólanum eða í einkaskólum. Hinsvegar, er málumhverfi filippísku nemendanna mun flóknara. Oft eru tvö eða fleiri tungumál töluð á heimilum þeirra en stuðningur við að læra móðurmálin er lítill sem enginn fyrir utan heimilin. Algengt er að enskan sé einnig notuð á heimilum og í samskiptum við aðra, jafnvel hjá nemendum sem hafa búið í meira en10 ár á Íslandi. Allir nemendur vilja læra íslensku en færni þeirra í málinu er mismikil. Langflestum finnst erfitt að stunda nám á íslensku vegna skorts á íslenskum orðaforða og málfræðikunnáttu.

Allir nemendur halda nánum tengslum við vini og ættingja í heimalandinu og samsvara sig að einhverju leyti við upprunalegan menningararf. Nemendunum gengur misvel að samlagast íslensku samfélag. Það virðist vera algengt í íslenskum framhaldsskólum að nemendurnir hópa sig saman eftir þjóðerni sem gerir erlendum nemendum erfitt að kynnast íslenskum jafnöldrum. Sumir nemendur sem tóku þátt í rannsókninni hafa upplifað mismunun í skólanum eða í vinnunni en þrátt fyrir það vilja flestir búa áfram á Íslandi.

**Project Title**: Immigrant secondary school students in Iceland: Successes and challenges

**Name of Grantee**: Samúel Lefever, University of Iceland

**Abstract**:

The main aim of this study was to establish to what extent students with diverse cultural and language backgrounds thrive in secondary schools and society in Iceland, and what factors contribute towards such successes or failures. Semi-structured interviews were used to gather information on: the students' language use and cultural identity; attitudes towards languages and language learning; participation in school and leisure activities; social relationships with peers; and participation in heritage cultural activities. Seventeen secondary school students living both within and outside the capital area from two large immigrant groups - Polish and Filipino - participated in the study.

Findings from the interviews show that, overall, the students have positive attitudes towards school, learning Icelandic and living in Iceland. They value the higher living standard, as well as employment and educational opportunities they have experienced in Iceland. Strong mother tongue maintenance is typical among the Polish students, and many of them received Polish instruction at public school or in private schools. The language background of the Filipino students was more complex. They commonly had two or more home languages and used English as an additional language in interaction with others and for help with their studies. The students' Icelandic proficiency varied greatly; for some the lack of Icelandic limited their participation while others felt comfortable using Icelandic at school and in their daily lives. However, most of the students experienced difficulty using Icelandic for academic purposes. Many of them talked about the ethnic grouping that occurs at school and how it limited interaction with Icelandic students and some had experienced discrimination at school or at work. Nevertheless, most of the students were happy with their adjustment to living in Iceland and saw Iceland as their future home.